

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt
með síðari breytingum.**

1. gr.

27. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 645/1983, orðist svo:
Vörur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá
o. fl. með síðari breytingum:

- 84.11.41 Heyblásarar
- úr 84.17.22 Mjólkurkælar
- úr 84.20.10 Fjárnvogir
- 84.22.31 Heyblásarar (til að færa hey)
- úr 84.22.61 Baggatínur
- 84.23.61 Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar
- 84.24.10 Plógar
- úr 84.24.20 Áburðar- og mykjudreifarar, kartöfluníðurstetningarvélar
- 84.24.31 Herfi
- 84.24.39 Landbúnaðar- og garðyrkjuvélar til að skrapa, losa og hreykja jarðveg og reita illgresi.
- úr 84.24.40 Valtarar fyrir tún og íþróttavelli og flagjafnarar
- 84.25.31 Sláttuvélar, aðrar en garðsláttuvélar
- 84.25.32 Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti
- 84.25.33 Rakstrar- og snúningsvélar
- úr 84.25.39 Múgavélar, rúllubindivélar og heybindivélar
- 84.25.41 Flokkunarvélar fyrir egg og aðra landbúnaðarframleiðslu
- 84.26.10 Mjaltavélar
- 85.07.01 Fjárklippur
- 87.14.21 Vagnar búnir tækjum til losunar og/eða lestunar á heyi
- 87.14.22 Vagnar búnir tækjum til áburðardreyfingar
- 87.14.23 Vagnar búnir tækjum til heyvinnslu

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 27. apríl 1984.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.